

Starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi

13. janúar 2006

Umsögn um *Frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða* — *Árnastofnun*
(331. mál)

Við starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi fögnum þeim metnaði og stórhug fyrir hönd íslenskra fræða sem lýsir af frumvarpi til laga um Stofnun íslenskra fræða - Árnastofnun (þskj. 363 — 332. mál, lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006). Við álítum að með sameiningu stofnana á þessu fræðasviði sé raunhæft að efla megi rannsóknir og miðlun rannsóknaniðurstaðna til fræðasamfélagsins og almennings. Við teljum brýnt að nýta þau tækifæri sem skapast með sameiningunni til að skilgreina hvernig löggjafinn telur að samvinnu hinnar nýju stofnunar við Háskóla Íslands verði best háttað með tilliti til þess að stúdentar í íslenskum fræðum hafi sem greiðastan aðgang að sérfræðingum, rannsóknnum, bókakosti og annarri aðstöðu stofnunarinnar í námi sínu og lokaverkefnum. Brýnt er að þeir fræðimenn sem helga sig rannsóknnum á hinn nýju stofnun nýtist sem best við miðlun þekkingar á sínum sérsviðum enda þótt þeir taki ekki þátt í kennslu við Háskóla Íslands nema sem stundakennarar. Æskilegt væri að löggjafinn hnykkti á þessu mikilvæga hlutverki, til dæmis með því að mæla fyrir um sambærileg starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina og til rannsókna og kennslu við Háskólann: rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor (í stað þess sem nú tíðkast: *sérfræðingur*, *fræðimaður* og *vísindamaður* en þau starfsheiti eru að öllu faglegu leyti sambærileg við *lektor*, *dósent* og *prófessor*). Slík samræmd starfsheiti tíðkast víða erlendis þar sem öflugar rannsóknarstofnanir starfa í tengslum við háskóla, til dæmis til að draga fram akademíska stöðu starfsmanna rannsóknarstofnananna í hinu alþjóðlega styrkja- og samstarfsumhverfi. Einnig er hægt að hugsa sér beina aðkomu stofnunarinnar að framhaldsnámi í formi aðstöðu og aðstoðar við útgáfu þeirra lokaverkefna sem teljast tæk til þess. Í framhaldi af þessu teljum við að forstöðumaður hinnar nýju stofnunar eigi jafnframt að vera prófessor með takmarkaða kennsluskyldu við hugvísindadeild Háskóla Íslands eins og forstöðumenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans eru nú.

Við gerum ráð fyrir að engin breyting verði á akademísku frelsi manna til rannsókna, aðkomu starfsmanna að rektorskjóri og að öll áunnin réttindi sem menn njóta nú úr ýmsum sjóðum — meðal annars í vörslu Háskóla Íslands — breytist ekki enda þótt yfirvöld kjósi að breyta þeim leiðum sem fjármagninu er veitt um í gegnum kerfi Háskóla Íslands og hinnar nýju stofnunar.

Þá vekjum við athygli á að enda þótt löggjafinn ætli forstöðumanni að bera stjórnunar- og rekstrarlega ábyrgð — í samræmi við þær venjur sem nú tíðkast við stjórn opinberra stofnana — er mikilvægt að halda þeirri ábyrgð aðgreindri frá hinni faglegu og fræðilegu stjórnun og stefnumörkun. Rannsóknarstofnun á háskólastigi hlýtur að móta stefnu og stjórna slíkum þáttum í samræmi við akademískar hefðir sem taka mið af rannsóknarfrelsi vísindamanna. Hin faglega stjórn á því ótvírætt að vera í höndum akademískra starfsmanna sem ráða ráðum sínum á þeim fundum sem við köllum *húsping* í tillögum okkar — líkt og verið hefur á Árnastofnun (sbr. 3. grein núgildandi reglugerðar um stofnunina). Húsping hefur þannig sömu stöðu og deildarfundur innan Háskóla Íslands og ætti að tilnefna í dómnefndir fremur en deildarfundur hugvísindadeildar eins og nú er gert ráð fyrir í 4. grein og 8. grein. Háskóli Íslands ræður mestu um tilnefningar í stjórn hinnar nýju stofnunar og hefur

Þannig áhrif á tilnefningu hennar í dómnefndir. Húsping ætti einnig að fjalla um ráðningu manna til rannsóknarstarfa og koma að ráðningu forstöðumanns — og líkja þannig eftir vali akademískra starfsmanna og yfirmanna innan Háskóla Íslands.

Loks viljum við geta þess að okkur þykir boðað heiti hinnar nýju stofnunar óþjált. Liðlegra væri að hún hétu *Stofnun Árna Magnússonar*.

Tillögur um breytingar á orðalagi í einstökum greinum:

1. grein hljóði svo:

„Stofnun Árna Magnússonar er rannsóknarstofnun innan vébanda Háskóla Íslands með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra.“ (Breyta þarf nafninu í öðrum greinum frumvarpsins í samræmi við þessa.)

4. grein:

Fyrsta málsgrein hljóði svo:

„Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar og húspings þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa á stofnuninni.“

4. grein:

Í þriðju málsgrein komi orðið „húspings“ í stað „hugvísindadeildar Háskóla Íslands“.

4. grein:

Við fyrsta efnislið bætist:

„Forstöðumaður er jafnframt prófessor með takmarkaða kennsluskyldu við hugvísindadeild Háskóla Íslands.“

4. grein:

Fyrsta málsgrein síðari efnisliðar hljóði svo:

„Forstöðumaður annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Hann mótar skipulag hennar í samvinnu við starfsmenn, boðar sérfræðinga til húspinga sem taka ákvarðanir um fagleg málefni, fræðilega stefnu og rannsóknarverkefni.“

5. grein:

Orðið „faglegrar“ verði felld brott.

7. grein:

Fyrsta málsgrein hljóði svo:

„Við Stofnun Árna Magnússonar skal stofna til tveggja sérstakra rannsóknarstarfa til viðbótar við þau sem nú eru.“

8. grein:

Á eftir 1. málsgrein komi:

„Starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor.“

8. grein:

Í þriðju málsgrein komi orðið „húspings“ í stað „hugvísindadeildar Háskóla Íslands“.

8. grein:

Við fyrsta efnislið bætist:

„Áður en forstöðumaður ræður í rannsóknarstarf skal hann leita umsagnar húspings.“

Fyrir hönd starfsmanna

Guðvarður Gunnarsson